

Mál 27/2016

Ár 2017, miðvikudaginn 22. febrúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ, Siðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 27/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 17. október 2106 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði (Y) hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærða til umsagnar og andsvara með bréfi dagsettu 18. október 2016 og honum gefinn frestur til 23. nóvember. Kærði nýtti sér ekki andmælafrestinn og var honum send ítrekun með bréfi dagsettu 9. febrúar 2017 þar sem hann fékk viðbótarfrest til 16. febrúar. Svar dags 15. nóvember 2016 barst siðanefnd og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd taldi að öll gögn er málið varðaði væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 9. september 2016 A pöruð við rakkann B án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð við pörun. Hundarnir eru af kyninu Amerískur cocker spaniel og er tíkin í eigu kærða. Kærði svaraði því til að ekki hefði verið ætlunin að para tíkina, heldur hafi verið um slys að ræða sem uppgötvaðist ekki fyrr en tíkin var gengin það langt með að dýralæknir taldi óráðlegt að eyða fóstrunum. Þá hafi rakkinn verið geltur skömmu síðar því ekki væri ætlunin að nota hann til undaneldis. Kærði biðst afsökunar á þessu kveðst ætla að sjá til þess að þetta endurtaki sig ekki.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir

fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Amerískur cocker spaniel:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun. Greinist hundur með arfgengt cataract mun hann verða skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 01.12.2002).

Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).”

Í málinu liggur ljóst fyrir að tíkin var ekki með gilt augnvottorð við pörun en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Amerískur cocker spaniel skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 12 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun hundakynsins til þess að tryggj sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan sjúkdóm.

Það er alfarið á ábyrgð eiganda hunda að sjá til þess að þeir parist ekki fyrir slysi, og er því ljóst að kærði hefur gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar sem kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við við reglur HRFÍ þá telur siðanefnd hæfileg viðurlög vera áminningu.

IV. Niðurstaða

Kærði Y telst hafa gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði er áminntur.

Hilmar Sigurgíslason

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir